

1859.

23. febrúar.

4. Bréf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um Vestmannaeyja prestakall.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi 15. október í fyrra skýrt oss frá, að Vestmannaeyja prestakall sé orðið laust við fráfall prestsins Jóns Austmanns, og hafið þér um leið getið þess, að breyting sú, sem áður hafi verið stúngið uppá að gjörð væri á tekjum þessa brauðs, sé nú hvorki nauðsynleg né ráðleg, þarð nú sé öðruvísi ásttatt á eyjunum.

Vér svörum nú þessu á þá leið, að stjórnarráðið þegar í bréfi 13. maí 1852 hefir talið tormeiki á að fallast á uppástúngu stiptsyfirvaldanna, eins og hún þá kom fram, og eptir því sem þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið skýrt frá, þá álitum vér einnig að hin helzta ástæða fyrir þessari breytingu nú sé orðin að engu; vér höfum þessvegna ekkert á móti því, að þetta verði látið standa við það sem verið hefir.

Þar sem þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, að öðru leyti í bréfi yðar hafið getið þess, að aðstoðarpresti Brynjólfi Jónssyni hafi verið gefið loforð um þetta brauð seinna meir, þá verðum vér að vekja eptirtekt yðar á því, að slík loforð um embætti ekki lengur eiga sér stað, og þykir oss því síður hafa verið ástæða til að beita því, þar sem bjóða mátti hlutaðeiganda mjög svo góða kosti.

25. febrúar.

5. Bréf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun fyrir prestsverk við hinn lærða skóla.

Í bréfi yðar 1. desember í fyrra hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt oss frá, að presturinn til Garða og Bessastaða prestakalls, stiptprófastur A. Hel-